



Samfélagsfræði 10.bekkur 2024-2025

Markmið samfélagsgreina er að stuðla að skilningi nemenda á mörgum þeim hugmyndum og hugsjónum sem liggja til grundvallar viðhorfum okkar til umhverfis, auðlinda, menningar og sögu“ (Aðalnámsskrá grunnskóla 2013, bls.195). Markmið annarinnar er að kenna nemendum sjálfstæð og lýðræðisleg vinnubrögð ásamt því að efla frelsi þeirra sem einstaklinga í úrlausnum verkefna. Einnig að auka skilning nemanda á umhverfi, samfélagi, sögu og menningu. Hugað er að undirbúningi fyrir framhaldsnám, þar sem læsi og sjálfstæði í vinnubrögðum gegnir lykilhlutverkum.

Kennsluaðferðir

Töflukennsla, innlögn og lestur í upphafi kennslustundar, mynd-og hljóðdiskar, einstaklingsvinna, vettvangsferðir, para-og hópavinna . Unnið er í stöðvum við úrvinnslu á einstökum verkefnum.

Námsefni og gögn

Frelsi og velferð; Saga 20.aldar eftir Synnove Veinan Hellerud og Ketil Knudsen. Á ferð um samfélagið höf. Garðar Gíslason. Ýmis kennslumyndbönd af netinu. Kvikmyndir sem tengjast efni bókarinnar.

Námsmat

Námsmat endurspeglar stöðu nemenda í fjórum færniþáttum í samfélagsfræði gagnvart markmiðum aðalnámsskrár grunnskóla. Gefnar eru einkunnir í bókstöfunum A, B+ ,B, C+, C og D þar sem A lýsir framúrskarandi hæfni, B góðri hæfni, C sæmilegri hæfni og D hæfni sem nær ekki viðmiðum C.

Metnir eru eftirfarandi færniþættir nemanda:

- Þekking
- Gagnrýnin sýn á tímabil, atburði og persónur
- Skilningur á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf
- Færni til að koma þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri einn sér og í samstarfi við aðra.

Kennarar - Sigrún Maríu Karlsdóttir og Þuríður Aðalsteinsdóttir